

Viðbragðsáætlun vegna eineltis, áreitni, ofbeldis

Sveitarfélagið Árborg mun bregðast við eins fljótt og kostur er berist kvörtun eða ábending um einelti, áreitni eða ofbeldi.

UPPHAF FERLIS

Kvörtun/ábending skal berast næsta yfirmanni og/eða til EKKO teymis. Kvörtun/ábending getur verið sett fram munnlega eða skriflega. Gera þarf grein fyrir þeirri háttsemi sem um ræðir og hvaða aðilar eiga hlut að máli.

VIÐRUN

Ef þolandi óskar ekki eftir formlegri málsmeðferð og óskar eftir trúnaði um tilkynningu er upplýsinga aflað hjá þolanda og honum veittur stuðningur með trúnaðarsamtali eða ráðgjöf. Gripið er til viðeigandi aðgerða í samráði við þolanda. Aðrir innan vinnustaðarins eru ekki upplýstir um málið. Alvarleiki máls getur þó orðið til þess að nauðsynlegt er að grípa til aðgerða.

FORMLEG MÁLSMEÐFERÐ

Um hlutlausa athugun á málsatvikum er að ræða af aðilum innan vinnustaðarins eða viðurkenndum utanaðkomandi aðila til að framkvæma mat á því hvort sú hegðun sem kvartað er undan falli undir skilgreiningar reglugerðar á einelti, áreitni og/eða ofbeldi.

Formleg málsmeðferð er með eftirfarandi hætti.

- 1 Viðtöl við málsaðila og vitni ef við á
- 2 Gögnum safnað
- 3 Greining í samræmi við skilgreiningar
- 4 Tillögur að aðgerðum

Málsaðilum og vitnum boðinn stuðningur sérfræðings eftir atvikum.

EKKI EINELTI, ÁREITNI EÐA OFBELDI

Áætlun geymi aðgerðir til að greiða úr samskiptum

- Gefin eru skýr skilaboð um samskipti
- Eftirlit og eftirfylgni skv. áætlun
- Meintur gerandi og þolandi upplýstir um að máli teljist lokið en sé í eftirfylgni

EINELTI, ÁREITNI EÐA OFBELDI

Áætlun geymir ákvörðun um aðgerðir

- Áminning eða uppsögn ef við á
- Sáttferli ef við á, stutt með skýrum skilaboðum um samskipti og eftirlit og eftirfylgni
- Gefin eru skýr skilaboð um samskipti

EFTIRFYLGNI

- 5 Stuðningur við málsaðila, fylgst með líðan og gengi, tímasett mat á árangri aðgerða, endurmat á vinnuáðstæðum.



Sveitarfélagið
ÁRBORG